

Nd.

447. Nefndaralit

um frv. til laga um tilbúinn áburð.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta eftir fönfum. Henni er það ljóst, að erfitt muni reynast að ná því fyrirkomulagi, sem æskilegt væri, til þess að

allir landsmenn, sem við ræktun fást, geti fengið rjettlátan og sanngjarnan styrk af fje því, sem rikissjóður kemur til að leggja fram vegna frumvarpsins, verði það að lögum.

Til þess að gera hinum fjölmennu og hafnlausu hjeruðum austan Hellisheiðar kost á að fá áburðinn með líkum kjörum og öðrum landsmönnum, leggur nefndin til, að ríkið borgi flutning á honum að Selfossi og Þjórsártúni, og til þess að almenningi verði sem auðveldast og hægast að fá áburðinn, telur nefndin rjett, að kaupmönnum sje einnig útvegaður hann og seldur.

Þá virðist nefndinni, að 2^o/o álag á áburðinn sje nægilegt fyrir einkasöluna.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt eins og það kom frá háttv. efri deild, með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 2. gr. Aftan við greinina bætist: Ennfremur landleiðina frá Reykjavík til Selfoss í Árnessýslu og að Þjórsártúni í Rangárvallasýslu.
2. Við 3. gr.
 - a. Orðið »og« milli »búnaðarfjelögum samvinnufjelögum« falli burt. Á eftir orðunum »samvinnufjelögum bænda« í sömu linu komi: og kaupmönnum.
 - b. Í stað »5^o/o« í sömu grein komi: 2^o/o.

Alþingi, 8. mars 1928.

Lárus Helgason,	Einar Jónsson.	Jón Ólafsson,
form. og frsm.		fundaskr.
Jörundur Brynjólfsson.	Bernh. Stefánsson.	